

Nd.

114. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Frá meiri hl. heilbr.- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum. Var frv. sent til fjárhagsráðs til umsagnar, en það virtist ekki hafa áhuga fyrir því að láta málið til sín taka, og barst nefndinni ekkert svar, þrátt fyrir eftirgrennslan.

Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, nema að niðurlag ákvæðis til bráðabirgða leiðrættist samkv. eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU.

Í stað „til næstu þriggja ára“ kemur: til næstu tveggja ára.

Alþingi, 13. nóv. 1947.

Sig. E. Hliðar,
form.

Jóhann Hafstein,
frsm.

Katrín Thoroddsen.